

Borgarráð

Tillaga um stofnframlag til Sorpu bs. vegna gas- og jarðgerðarstöðvar

Lagt er til að samþykkt verði að veita Sorpu bs stofnframlag að fjárhæð 198.680.882 kr. vegna byggingar jarð- og gasgerðarstöðvar í samræmi við áður samþykktu tillögu eigenda félagsins um framkvæmdina og fjármögnun hennar.

Greinargerð

Fyrir liggur samkomulag eigenda Sorpu bs. um að þeir leggi félaginu til 350 m.kr í stofnframlög vegna byggingar jarð- og gasgerðarstöðvar. Skipting milli eigenda ræðst skv. samþykktum Sorpu af íbúafjölda í sveitarfélögunum 1. desember næstliðins árs. Þannig er fundin hlutdeild borgarinnar, 56,77%, í stofnframlögum eigenda í þessari framkvæmd.

Fyrir liggur tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar um fjármögnun á þessu stofnframlagi. Tillagan kallar ekki á jafnréttismat.

Dagur B. Eggertsson